

Nd.

340. Nefndarálit

[104. mál]

um frv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við orðin „vinnuafli til verksins“ bætist: vatn.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „31. mars“ komi: 1. mars.
 - b. Í stað orðanna „fé er komið á hús“ komi: fé er yfirleitt komið á hús.
3. Við 3. gr.
 - a. Aftan við orðin „reglum um böðun“ í 1. mgr. bætist: og óþrifa þá ekki orðið vart.
 - b. Í stað orðanna „3 ár“ í sömu mgr. komi: 4 ár.
 - c. Upphaf 2. mgr. orðist svo: Verði vart kláða eða annarra óþrifa í fé á svæði.
4. Við 4. gr. Upphaf fyrri mgr. orðist svo: Fjáreigendum og öðrum, er starfa við smölun, réttun, hirðingu og gæslu sauðfjár, er skylt.
5. Við 5. gr.
 - a. Á eftir 2. másl. síðari mgr. bætist nýr málsliður svo hljóðandi: Þegar útrýmingarböðun sauðfjár er ákveðin skulu hreppsnefndir hlutast til um sérstakar fjárleitir til þess að tryggja sem bestar heimtur ef þess er talin þörf.
 - b. Aftan við síðari mgr. bætist: og birt í Lögbirtingablaðinu.
6. Við 6. gr. Fyrri másl. síðari mgr. orðist svo: Þóknun fyrir störf eftirlitsmanna greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.
7. Við 7. gr. Á eftir fyrri másl. síðari mgr. bætist: Baðstjóra skal vegna skyldustarfa sinna frjáls og greiður aðgangur að öllum útihúsum fjáreiganda til eftirlits. Skylt er fjáreiganda eða umráðamanni að framvísa öllu því fé, sem hann hefur undir höndum, til böðunar þegar baðstjóri óskar eftir því.
8. Við 11. gr. Fyrri másl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.
9. Á eftir 11. gr. komi ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Böðun samkvæmt 2. gr. laga þessara skal fram fara fyrsta sinn veturinn 1978—1979.

Alþingi, 24. febr. 1977.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Þórarinn Sigurjónsson,
fundaskr.

Ingólfur Jónsson.

Friðjón Þórðarson.

Pálmi Jónsson.

Benedikt Gröndal.

Eðvarð Sigurðsson.